

Mánudaginn 6. nóvember 1939.

Nr. 62/1938. Jóhannes Guðmundsson

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Skiptaráðandanum í dánarbúi Guðrúnar Eiríksdóttur, Hermundi Valdimar Guðmundssyni og Vilhelminu B. Guðmundsdóttur og gagnsök

(Pétur Magnússon).

Framfærslusamningur. Arfskipti.

Dómur hæstaréttar.

Með kaupsamningi og afsalsbréfi, dags. 12. maí 1920, seldu hjónin Guðmundur Sigurðsson og Guðrún Eiríksdóttir, Ytra-Vallholti í Skagafjarðarsýslu, er þá gerðust hnigin á hinn efra aldur, tveimur sonum sínum, þeim Eiríki og Jóhannesi, allar eigur sínar, bæði fastan og flytjanda eyri. Var kaupverð eignanna kr. 18000.00, og skyldi það leyst af hendi svo sem hér segir: Kaupendur skyldu ala önn fyrir foreldrunum, meðan þau lifðu, og skyldi kaupverðið í notum þess standa vaxtalaust inni í búi kaupenda. Eftir lát þess foreldrisins, er fyrr létist, skyldi helmingur kaupverðsins, kr. 9000.00, að frádregnum útfararkostnaðinum, koma til skipta meðal lögerfingja þess, þó þannig, að það foreldrið, er lengur lifði, skyldi ekki taka arf eftir hitt. Kaupendurnir skyldu leysa af hendi arfahluta samerfingja sinna, en taka arfahluta sína undir sjálfum sér. Sama skipan skyldi á höfð um hinn helming kaupverðsins við lát þess foreldrisins, er lengur lifði. Guðmundur Sigurðsson er talinn hafa látizt á árinu 1922. Kom þá helmingur af andvirði félagsbús hjónanna til skipta milli

barna þeirra fjögurra, Eiríks, Jóhannesar, Hermundar Valdimars og Vilhelminu, með þeim hætti, er ákveðið var í gerningnum frá 1920. Eiríkur Guðmundsson er sagður hafa látizt árið 1927. Eftir dauða hans ól Jóhannes, aðaláfrýjandi máls þessa, áfram önn fyrir Guðrúnu móður þeirra, enda stóð eignarhluti hennar af greindu kaupverði áfram inni í búi aðaláfrýjanda. Þann 6. janúar 1933 gerði hún þann samning við aðaláfrýjanda, að hann skyldi sem endurgjald fyrir framfærslu hennar hafa, eins og áður, eignarhluta hennar, kr. 9000.00, til vaxta-
lausra afnota í búi sínu, en auk þess skyldi hann eignast árlega kr. 500.00 af greindum eignarhluta fyrir framfærsluna. Þenna aukna framfærslueyri skyldi hann mega reikna sér frá árinu 1927, er Guðrún varð karlæg, og til dánardægurs hennar, þó þannig, að ef hún lifði svo lengi, að eignir hennar hrykkju ekki til hinnar ákveðnu meðgjafar, átti aðaláfrýjandi að ala önn fyrir henni endurgjaldslaust þann tíma, er hún eftir það ætti ólífað. Tveir vitundarvottar voru að þessum samningi þeirra. Lýsa þeir yfir því með áritun sinni á samninginn, að þeir hafi lesið hann upp fyrir Guðrúnu, hafi hún lýst efni hans vilja sínum samkvæmt og falið öðrum þeirra að rita nafn hennar undir hann. Loks segja vottarnir hana hafa verið andlega heila og vitandi vits, er hún hafðist þetta að. Þann 29. janúar 1936 lézt Guðrún. Við skiptin á dánarbúi hennar taldi aðaláfrýjandi að dragast ætti frá hinum upphaflega 9000 króna eignarhluta hennar í búi hans 4000 krónur, þ. e. 500 króna árlegur meðlagseyrir hennar í 8 ár, og ennfremur kr. 1006.00, útfararkostnaður Guðrúnar, sem aðaláfrýjandi telur til hægðarauka kr. 1000.00. Af þeim kr. 4000.00, sem þá séu eftir,

sagðist aðaláfrýjandi eiga að taka undir sjálfum sér arfahluta sinn, kr. 1000.00, og auk þess 1000 króna arfahluta Guðrúnar, dóttur Eiríks, bróður síns, með því að hann hefði þegar staðið henni skil á honum. Samkvæmt þessu taldi aðaláfrýjandi sér einungis lögskylt að reiða af höndum kr. 2000.00. Þessa fjárhæð bauð hann fram í skuldabréfum Kreppulánasjóðs með nafnverði, og taldi hann það sér heimilt samkvæmt 3. gr. laga nr. 78 frá 1933, þar eð skuldin væri stofnuð 1920. Systkin aðaláfrýjanda, Hermundur Valdimar og Vilhelmina, gagnáfrýjendur máls þessa, mótmæltu þessari reikningsgerð aðaláfrýjanda. Töldu þau að hafa ætti að engu samning þann, er aðaláfrýjandi og Guðrún móðir þeirra gerðu 6. janúar 1933, og að útkljá ætti arfskiptin eftir gerningnum frá 1920. Í öðru lagi staðhæfðu þau, að reikningur aðaláfrýjanda yfir útför móður þeirra væri hóflaus og að lækka ætti hann niður í kr. 500.00. Loks kváðu þau aðaláfrýjanda óheimilt að inna skuld sína við dánarbúið af hendi með skuldabréfum Kreppulánasjóðs. Urðu aðiljar sammála um að leggja þessi ágreiningsefni undir úrlausn skiptaréttar Skagafjarðarsýslu, er fór með skipti á dánarbúi móður þeirra. Komst skiptarétturinn að þeirri niðurstöðu í úrskurði, sem auðkenndur er I, að samningurinn frá 6. janúar 1933 væri ógildur að svo miklu leyti sem hann færi í bága við gerninginn frá 1920. Í úrskurði, auðkenndum II, kvað skiptaráðandinn svo á, að krafa gagnáfrýjenda um niðurfærslu á reikningi aðaláfrýjanda yfir kostnað hans við útför Guðrúnar móður þeirra skyldi ekki til greina tekin. Loks lét skiptarétturinn svo ummælt í úrskurði, auðkenndum III, að aðaláfrýjanda væri rétt

að greiða skuld sína við dánarbúið með skuldabréfum Kreppulánasjóðs.

Greindum úrskurðum hefir aðaláfrýjandi skotið til hæstaréttar með stefnu 13. júní f. á. og gert þær dómkröfur, að úrskurðirnir II og III verði staðfestir, en að úrskurðurinn I verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir skiptaráðandann að skipta dánarbúi Guðrúnar Eiríksdóttur í samræmi við samningina frá 6. janúar 1933. Ennfremur krefst hann þess, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Gagnáfrýjendur, sem skotið hafa málinu til hæstaréttar með stefnu 9. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 10. febrúar s. á., krefjast þess, að úrskurður I verði staðfestur, en úrskurðirnir II og III verði ónýttir, útfararkostnaðurinn verði einungis talinn aðaláfrýjanda til tekna 500 krónum og að honum verði gert að reiða af höndum skuld sína við dánarbúið í peningum. Loks krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þess ber að geta, að skiptarétturinn þykir hafa átt dóm á ágreiningsefnum þeim, er í máli þessu greinir, með því að aðiljar þess urðu ásáttir um að leggja þau undir úrlausn hans.

Svo sem fyrr segir, var Guðrún heitin Eiríksdóttir með samningi sínum við aðaláfrýjanda 6. janúar 1933 að ráðstafa að sér lifanda eignarhluta sínum af andvirði félagsbús síns og hins látna eiginmanns síns. Þetta var henni heimilt, með því að sá skilningur verður ekki lagður í gerninginn frá 1920, að Guðrún hafi þar afsalað sér rétti sínum til að gera að manni sínum látnum nýja ráðstöfun á eignarhluta

sínum úr greindu félagsbúi, að því leyti sem henni var þess kostur vegna samningsákvæða við syni sína, þá aðaláfrýjanda og Eirík. Ekki gátu ákvarðanir hins látna eiginmanns hennar staðið í vegi slíkri ráðstöfun, með því að við skipti á eftirlátnum eigum hans hafði verið farið að þeirri tilskipan, er hann vildi á hafa um þær. Samkvæmt því, er nú var sagt, og þar sem telja verður eftir skýrslum málsins, að Guðrún heitin hafi verið hraust á sál, er hún gerði samninginn 1933, þá verður að meta samning þenna fullgildan og haga skiptum dánarbúsins í samræmi við hann.

Eftir því sem fram hefir komið í málinu, verður að telja, að reikningur aðaláfrýjanda yfir kostnað við útför móður aðilja sé óeðlilega hár og þar sem engin nánari grein hefir verið gerð fyrir hinum einstöku liðum hans, þykir rétt, að hann sé einungis tekinn til greina 500 krónum við skipti dánarbús hennar, eins og gagnáfrýjendur hafa krafizt.

Það verður að líta svo á, að skuld aðaláfrýjanda við dánarbú móður aðilja hafi stofnast við gern-inginn frá 12. maí 1920. Verður af þessum ástæðum ekki komizt hjá því að taka til greina þá kröfu aðaláfrýjanda, að honum sé heimilt að inna af hendi skuld sína við dánarbúið í skuldabréfum Kreppulánasjóðs með nafnverði.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Samningur sá, er aðaláfrýjandi, Jóhannes Guðmundsson, gerði við móður aðilja, Guðrúnu Eiríksdóttur, 6. janúar 1933, skal lagður til grundvallar við skipti á dánarbúi hennar.

Krafa gagnáfrýjenda, Hermundar Valdimars Guðmundssonar og Vilhelmínu Guðmundsdóttur, að reikningur aðaláfrýjanda yfir kostnað við útför Guðrúnar Eiríksdóttur skuli einungis greiddur 500 krónum úr dánarbúinu, skal til greina tekin.

Aðaláfrýjanda skal vera heimilt að reiða af höndum skuld sína við dánarbú Guðrúnar Eiríksdóttur í skuldabréfum Kreppulánasjóðs með nafnverði.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurðir Skiptaréttar Skagafjarðarsýslu 26. marz 1938.

I.

Hinum framlagða samning frá 12. maí 1920, rjskj. nr. 10, hefir eigi verið mótmælt að formi til.

Að efni til hefir hann að geyma þrennskonar ákvæði:

1. Sölu- eða afhendingarákvæði.
2. Framfærslusamning.
3. Sameiginlega erfðaráðstöfun.

Að 1. Gerningurinn, sem í fyrirsögn er nefndur: „Sölu-samningur og afsalsbréf“, er í eðli sínu samningur um eignaafsal gegn ákveðnu andvirði. Engar sérstakar eignir eru tilgreindar, hvorki jarðeignir né lausafé, er samið er um kaup á fyrir tiltekið verð, og afsal veitt fyrir, heldur látnar af hendi í einu „allar eignir fastar og lausar“. Undir „allar eignir“ falla því bæði peningar og verðbréf, ef til hafa verið. Hinn svonefndi samningur um sölu og afsal er því samningur um afhendingu allra eigna hjónanna Guðmundar Sigurðssonar og Guðrúnar Eiríksdóttur í Ytra-Vallholti til sona þeirra Eiríks og Jóhannesar gegn endurgjaldi í einu lagi, er ákveðið var kr. 18000.00, án þess að nokkuð í samningnum geti gefið upplýsingar um, hvort um sannvirði var að ræða á eignunum. Er samningurinn að þessu leyti mjög óvenjulegur sem sölusamningur.

Að 2. Vextir af andvirði hinna seldu eigna, kr. 18000.00, skyldu ganga til framfærslu gömlu hjónanna, á meðan þau lifðu, enda bræðurnir Eiríkur og Jóhannes persónulega skuldbundnir til að framfæra þau fyrir þetta tiltekna gjald, og var þannig gengið frá framfærslu gömlu hjónanna í eitt skipti fyrir öll.

Að 3. Gerningurinn geymir í 3ja lagi sameiginlega erfðaráðstöfun, þar sem hjónin bæði saman og samtímis ákveða, að andvirði eigna þeirra, er samkv. samningnum skyldi standa sem vaxtainnstæða hjá sonum þeirra tveimur, skyldi skiptast að jöfnu milli lögerfingja þeirra að hjónunum látnum, sinn helmingurinn, eða kr. 9000.00, við lát þeirra, hvors um sig. Þetta ákvæði virðist beinlínis sett af ráðnum hug í því eina augnamiði að tryggja, svo sem verða mátti, að eignunum yrði skipt jafnt á milli allra lögarfanna, en gengi ekki til sumra þeirra frekar en annarra í framfærslueyris formi eða á annan hátt. Hefði svo ekki verið, var alveg óþarft yfir höfuð að setja nokkur sérákvæði um skiptingu arfsins. Þess ber og að gæta, að með arfskiptingarákvæðunum er því slegið föstu, að enginn kom til greina sem arftaki nema lögarfar, en þar með er því óbeint, en alveg ótvírætt, lýst yfir af hjónunum sameiginlega, að þau neyti ekki þess réttar, sem þau að lögum höfðu til þess að ráðstafa nokkrum hluta eigna sinna til annarra en lögarfa. Öllu þessu gátu gömlu hjónin breytt aftur í samningi. Og til annarra eigna þeirra, er þau siðar kynnu að fá, náðu erfðaákvæði samningsins ekki. Nú eru allar sameiginlegar arfaráðstafanir byggðar á þeirri forsendu, nema berum orðum sé á annan veg fram tekið, að þeim verði ekki breytt af öðrum eða einum aðilja án samþykkis hinna. Verður rétturinn því að lita svo á, að hér hafi verið um að ræða erfðaráðstöfun, er eigi varð riftað eða breytt, nema í sameiningu af báðum hjónunum á sama hátt og til hennar var stofnað. Um samninginn frá 6. janúar 1933 er það fyrst að segja, að hvorki handsal Guðrúnar né undirskrift vottanna hefir verið véfengt. Hinsvegar virðist vottorð vottanna, eins og ástatt var, vera harla veigalítill sönnun þess, að konan hafi verið sér þess fullkomlega meðvitandi, hvað hún var að gera. Sjálf er hún ca. hálf níræð að aldri og búin að vera karlæg í 5—6

ár. Virðist því eðlilegt að gera ráð fyrir, að lífsþróttur og minni hinnar háöldruðu karlægu konu hafi verið farin að þverra til muna, einkum að því er snertir hversdagslega viðburði. Hún er á framfæri sonar síns. Hann er hennar forsjá í einu og öllu. Hann útvegar mann til þess að skrifa samninginn (ómótmælt framhaldið af Valdimar Guðmunds-syni) og hann útvegar vottana. Og allt þetta hnigur að því að færa honum hagnað, sem engin rök eru færð fyrir, að honum beri, með nýjum samningi við móður sína, er tæki ekki aðeins til þess tíma, er hún átti eftir ólifað, heldur skyldi samningurinn gilda 5 ár aftur í tímann, en það ákvæði eitt út af fyrir sig átti að færa honum 2500 króna hagnað á kostnað samerfingjanna 2ja. Þegar þannig var ástatt og með hliðsjón af aldri og heilsu gömlu konunnar, virðist, að ekki hefði mátt við minna hlíta en að vottarnir hefðu gengið úr skugga um og vottað í vottorði sínu, að konan hafi í raun og veru munað eftir öllum börnum sínum, gert sér grein fyrir, að verið væri að breyta eldri samningi, og það á þann veg, er miðaði að því að svipta 2 börn hennar allverulegum arfi að nokkru eða öllu leyti. Um form skjalsins að þessu leyti virðist því eigi umfjallað svo óhlutdrægt sem skyldi. Það sker þó úr um gildi samningsins frá 1933, að hann fer að efni til í bág við ákvæði hins eldra samnings frá 12. maí 1920, sem Guðrún Eiríksdóttir var að réttarins áliti eigi bær að breyta, eftir að maður hennar var dáinn, svo sem að framan er nánar skýrt. Ber því að úrskurða samninginn frá 6. janúar 1933 ógildan að svo miklu leyti, sem hann fer í bága við hinn fyrri samning.

Samkvæmt þessu ber erfingjanum Jóhannesi Guðmunds-syni Ytra-Vallholti að gera skil til búsins á skuld hans við það samkvæmt samningnum frá 12. maí 1920 kr. 9000.00 ÷ útfararkostnaði kr. 1000.00 = kr. 8000.00 ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá dánardegi Guðrúnar Eiríksdóttur 29. janúar 1936. Hefir Jóhannes Guðmundsson að sínu leyti samþykkt, að skiptarétturinn úrskurði eigi aðeins um gildi yngri samnings gagnvart hinum eldri, heldur og um greiðsluskyldu hans samkv. hinum eldra samningi, ef skiptarétturinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að hann væri enn í fullu gildi, sbr. 7 skj. nr. 14.

Því úrskurðast:

Samningurinn frá 6. janúar 1933 (rjskj. nr. 9) telst ógildur að svo miklu leyti, sem hann fer í bág við gerning hjónanna Guðmundar Sigurðssonar og Guðrúnar Eiríksdóttur í Ytra-Vallholti frá 12. maí 1920 (rjskj. nr. 10), en samkvæmt þeim gerningi (samningi) greiði Jóhannes Guðmundsson, bóndi í Ytra-Vallholti, til dánarbús Guðrúnar Eiríksdóttur kr. 9000.00 ÷ útfararkostnaði kr. 1000.00 = kr. 8000.00 — átta þúsund krónur ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 29. jan. 1936 að telja.

II.

Útfararkostnaðarreikningur Jóhannesar Guðmundssonar vegna útfarar Guðrúnar Eiríksdóttur, móður hans, er að upphæð, eins og hann liggur fyrir, kr. 1006.00 (sbr. rjskj. nr. 7), en Jóhannes hefir talið hann að upphæð kr. 1000.00 og dregur hann með þeirri upphæð frá skuld sinni við búið. Skiptarétturinn sér það eitt athugavert við reikning þenna, sem fremur óvanalegt má teljast, að Jóhannes reiknar sér kr. 100.00 fyrir persónulega fyrirhöfn sína auk allrar annarra vinnu vegna útfararinnar, sem virðist reiknuð fullu virði, auk alls útlagðs kostnaðar. En með tilliti til þess, að útfararkostnaðarreikningurinn er gjaldkræfur úr búinu í peningum sem forgangskrafa, en Jóhannes hefir fallið á, að hann yrði greiddur með jafnri upphæð af skuld hans við búið, sem þó tæplega verður talið meira en ca. 800 króna virði, miðað við greiðslu í kreppulánasjóðsbréfum, þykir ekki ástæða til að taka kröfu Valdimars Guðmundssonar um niðurfærslu reikningsins til greina.

Því úrskurðast:

Kröfu Valdimars Guðmundssonar um niðurfærslu útfararkostnaðarreiknings á rjskj. nr. 7 ber ekki að taka til greina.

III.

Jóhannes Guðmundsson, Ytra-Vallholti, hefir krafizt þess að mega greiða skuld sína við dánarbú móður hans, Guðrúnar Eiríksdóttur, í kreppubréfum, þar sem skuldin sé

það gömul, að lög um kreppulánasjóð heimili slíka greiðslu. Skiptarétturinn fellst á þá skoðun Jóhannesar Guðmundssonar, að greiðslu skuldarinnar í kreppulánasjóðsskulda-
bréfum verði eigi mótmælt, þar sem skuldin sé frá 1920, og ber því eigi að taka framkomin mótmæli Valdimars Guðmundssonar gegn því til greina.

Því úrskurðast:

Skuld Jóhannesar Guðmundssonar við dánarbúi móður hans, Guðrúnar Eiríksdóttur frá Ytra-Vallholti, er honum rétt að greiða til búsins í kreppulánasjóðs-
bréfum.

Miðvikudaginn 8. nóvember 1939.

Nr. 32/1939. Skipaútgerð ríkisins

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Geir H. Zoëga f. h. eigenda og vá-
tryggjenda b/v Lincolnshire G. Y.
251 og gagnsök (Pétur Magnússon).

Ákvörðun bjarglauna.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. marz þ. á., hefir krafizt þess, aðallega að gagnáfrýjendur verði dæmdir til þess að greiða honum £5000—0—0 eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum eða til vara lægri fjárhæð eftir mati dómsins, hvorttveggja með 5% árs-
vöxtum frá 2. des. 1938 til greiðsludags. Svo krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur, sem hafa að fengnu áfrýjunar-
leyfi 22. sept. 1939 skotið málinu til hæstaréttar með